

aðeins skjóta til Hæstaréttar samkvæmt 4. tl. 34. gr. sömu laga, að fógæti hefði neitað að kveða upp formlegan úrskurð, en eigi er ástæða til að ætla, að til slíkrar réttarneitunar af hendi fógæta hefði komið.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, er málsskotið löglaut, og ber að vísa málinu frá Hæstarétti.

Kröfur hafa eigi borizt frá varnaraðilja, og fellur málskostnaður því niður.

Dómsorð:

Máli þessu visast frá Hæstarétti.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 14. apríl 1961.

Nr. 67/1961. **Kjötiðjan h/f**

gegn

**Árna Sigurjónssyni og Jóni Einarssyni f. h.
Fæðis kaupendafélags Hafnarfjarðar.**

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómárar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávisun.

Dómur Hæstaréttar.

Eliás I. Eliasson fulltrúi hefur sem setubæjarfógeti í Hafnarfirði kveðið upp hinn kærða dóm.

Með kæru 28. marz 1961, sem Hæstarétti barst 5. apríl s. á., hefur sóknaraðili skotið til Hæstaréttar dómi bæjarþings Hafnarfjarðar, uppkveðnum 17. marz 1961, þar sem vísað er frá dómi máli sóknaraðilja á hendur varnaraðiljum. Krefst sóknaraðili þess, aðallega að hinn kærði dómur verði úr gildi felldur, en til vara, að málskostnaður í héraði verði niður felldur, og loks að varnaraðiljum verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað.

Varnaraðiljar krefjast þess, að hinn kærði dómur verði

staðfestur og sóknaraðilja verði dæmt að greiða þeim kærumálskostnað.

Eigi er í ljós leitt, að varnaraðiljar séu bærir að binda fyrir dómi hið svonefnda Fæðiskaupendafélag Hafnarfjarðar. Ber því að staðfesta héraðsdóminn.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðiljum kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 500.00.

Dómsorð:

Hinn kærði héraðsdómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Kjötiðjan h/f, greiði varnaraðiljum, Árna Sigurjónssyni og Jóni Einarssyni, kærumálskostnað, kr. 500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 17. marz 1961.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 8. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþingi Hafnarfjarðar með stefnu, útgefinni 28. september 1960, af Kjötiðjunni h/f í Hafnarfirði gegn Árna Sigurjónssyni, Linnetsstíg 2, og Jóni Einarssyni, Austurgötu 33, báðum í Hafnarfirði, f. h. Fæðiskaupendafélagsins í Hafnarfirði til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 27.994.40, auk 6% ársvaxta frá 1. júní 1958 til 22. febrúar 1960 og 10% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndu hafa krafizt frávísunar málsins og að þeim verði tildæmdur málskostnaður eftir mati dómarans, og jafnframt áskilja þeir sér rétt til þess að taka til varna um efnishlið málsins, verði ekki á frávísunarkröfuna fallizt.

Við munnlegan flutning þessa þáttar málsins krafðist umboðsmaður stefnanda þess, að frávísunarkröfunni verði hrundið og stefndu gert að greiða stefnanda málskostnað vegna frávísunarkröfunnar.

Mál þetta var þingfest 4. október 1960. Með úrskurði, uppkveðnum 3. desember s.l., vék hinn reglulegi dómari, Björn Sveinbjörnsson settur bæjarfógeti, sæti í málinu. Var Elías I. Elíasson fulltrúi skipaður setudómari í máli þessu með bréfi Dómsmálaráðuneytisins, dags. 11. janúar s.l. Hefur hann síðan farið með málið og kveðið upp dóm þenna.

Málavextir eru þessir:

Á árinu 1950 var stofnað í Hafnarfirði Fæðiskaupendafélagið í Hafnarfirði og því settar samþykktir, en samkvæmt þeim skyldi tilgangur félagsins aðallega vera sá að afla félagsmönnum góðs og heilnæms fæðis, við eins vægu verði og kostur er. Í þessu skyni var komið upp mötuneyti á Strandgötu 41 í Hafnarfirði, og var það rekið fram undir mitt ár 1958. Samkvæmt samþykktum félagsins er ábyrgð félagsmanna takmörkuð við stofnsjóðsinnstæðu. Félagið hefur aldrei verið skrásett, og ekki hefur því verið formlega slitið. Aðalfundir hafa ekki verið haldnir í félaginu síðan í maímánuði árið 1952. Annar stefndu, Árni, er meðal stofnenda félagsins, og hann hlaut kosningu í síðustu stjórn þess. Jón Einarsson var kosinn varaendurskoðandi á síðasta aðalfundi.

Mánuðina marz, apríl og maí 1958 fékk mötuneytið ýmsar vörur út í reikning Kjötiðjunnar h/f í Hafnarfirði fyrir samtals kr. 27.994.40, en út af þessari skuld er mál þetta risið. Á árinu 1958 eru 13 menn taldir vera í fastafæði hjá mötuneyti félagsins, þó ekki allir að staðaldri, og meðal þeirra eru stefndu í máli þessu.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að stefndu hafi verið fyrirsvarsmenn Fæðiskaupendafélagsins, sem stefnandi taldi vera venjulegt sameignarfélag, og þeir hafi tekið út ýmsar vörur fyrir Fæðiskaupendafélagið hjá Kjötiðjunni. Ekki veit stefnandi, hverjir voru félagar í Fæðiskaupendafélaginu á þeim tíma, sem hér um ræðir, en stefndu hafi í sínum fótum skrár yfir félagana.

Frávísunarkröfu sína reisa stefndu á því, að þeir séu ekki réttir forsvarsmenn í máli þessu. Jón Einarsson sé ekki í stjórn Fæðiskaupendafélags Hafnarfjarðar og Árni Sigurjónsson sé að vísu meðstjórnandi í síðustu stjórn, en ekki formaður. Stefndu séu því ekki bærir til að halda uppi vörnum í málinu. Stefna hefði þurft stjórn félagsins eða formanni. Fæðiskaupendafélag Hafnarfjarðar sé samvinnufélag með takmarkaðri ábyrgð félagsmanna á skuldbindingum félagsins. Stefnandi haldi því að vísu fram, að hér sé um að ræða sameignarfélag. Þetta sé ekki rétt, en vilji stefnandi hins vegar byggja rétt á því, að félagið sé sameignarfélag, hefði þurft að gefa öllum félagsmönnum kost á að gæta réttar síns.

Gestur Kristjánsson, starfsmaður og hluthafi í Kjötiðjunni, veit ekki, hvers konar félag Fæðiskaupendafélagið var, hann minnst þess ekki, að hann hafi heyrt, að þetta væri samvinnufélag, en taldi hins vegar, að um eins konar félag væri að ræða. Ekki gerði hann sér grein fyrir því, hvort ábyrgð félagsmanna væri takmörkuð. Jón Guðmundsson og síðar Jón Einarsson greiddu

alla reikninga félagsins vegna vöruúttektar hjá Kjötiðjunni. Gestur átti eingöngu við þessa tvo menn með allt, er snerti viðskiptin, svo og stúlkurnar, er pöntuðu vörurnar. Ekki er honum kunnugt um aðra fyrirsvarsmenn félagsins.

Stefndi Árni segir, að þeir Jón Einarsson hafi báðir verið í félaginu og borðað þar, unzt það hætti störfum. Ekki fylgdist hann með því, hvar verzlað var, og ekkert hafði hann með að gera greiðslur vegna vöruúttektar félagsins.

Stefndi Jón kveður starfsstúlkur mötuneytisins hafa annazt pöntun á öllum nauðsynjum, og hafi þær ráðið því, hvar verzlað var. Félagsmennirnir gáfust upp á rekstrinum, og voru þeir þá aðeins orðnir 10 eftir. Jón hafði alveg með fjármál félagsins að gera, frá því fyrrverandi gjaldkeri hætti störfum, og kveðst Jón hafa tekið við starfi þessu nauðugur. Jón heyrði félagsmenn tala um, að félagið væri samvinnufélag.

Í dómi í bæjarþingsmáli Hafnarfjarðar nr. 38/1958 (sjá dómasafn Hæstaréttar XXX. bindi, bls. 517), en þar var stefndu í þessu máli stefnt vegna vöruúttektar Fæðiskaupendafélagsins hjá nafngreindri verzlun, segir m. a.: „Félag þetta er stofnað sem samvinnufélag og virðist hafa verið haldið í horfinu fyrstu tvö árin eða svo, þótt ekki sé félagið skrásett. Svo er að sjá sem mikið los hafi síðan komið á félagsskapinn, og virðist þá vanta mikið á, að hann fullnægi þeim skilyrðum, sem lög setja um samvinnufélög. Rekstur matstofunnar sýnist fljótlega hafa tekið að mæða á þeim stefndu.“

Úrlausnarefnið er hér eingöngu það, hvort stefndu séu bærir til þess að svara til sakar f. h. Fæðiskaupendafélagsins í máli þessu eða með öðrum orðum að binda félagið og þar með aðra félagsmenn.

Það er upplýst, að félag þetta mun stofnað fyrir liðlega 10 árum og síðasta stjórn þess kosin árið 1952. Annar stefndu, Árni, var þá kjörinn stjórnarmeðlimur, en að vísu ekki formaður. Félagið hefur aldrei verið skrásett. Seinustu árin, sem félagið starfaði, sýnist því fara fjarri, að það fullnægi þeim skilyrðum, er lög nr. 46/1937 setja um samvinnufélög. Stefndu höfðu ekki afskipti af vöruúttekt þeirri, sem hér er krafist greiðslu á.

Með vísan til þess, sem að framan er rakið, og þar eð telja verður það grundvallarreglu, er félag þarf að svara til sakar, að þá beri að stefna fyrir þess hönd stjórn þess eða formanni hennar, verður ekki talið, að stefnanda hafi verið rétt að líta svo á, að stefndu hefðu umboð til þess að taka við stefnu fyrir

hönd Fæðis kaupendafélagsins og væru bærir til þess að binda það í máli þessu.

Samkvæmt þessu ber að taka kröfu stefndu um vísun máls þessa frá dómi til greina.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefnandi greiði stefndu málskostnað, sem er hæfilega ákveðinn kr. 2000.00.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Kjötiðjan h/f, greiði stefndu, Árna Sigurðjónssyni og Jóni Einarssyni, kr. 2000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 14. apríl 1961.

Nr. 73/1961. **Jónína Jónsdóttir Parrington**

gegn

Hallgrími Steingrímssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómárar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur með kæru 22. marz 1961, sem hingað barst 7. þ. m., kært til Hæstaréttar úrskurð bæjarþings Hafnarfjarðar, er upp var kveðinn 17. marz 1961 í máli varnaraðilja gegn sóknaraðilja, en með úrskurði þessum var synjað kröfu sóknaraðilja um frávísun aðalsakar frá héraðsdómi.

Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og aðalsök í héraðsdómsmálinu verði vísað frá héraðsdómi. Þá krefst hann og málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja eftir mati dómsins.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar af sóknaraðilja eftir mati Hæstaréttar.

Í héraði hefur varnaraðili í fyrsta lagi gert þá kröfu, að